

RÍKISSAKSÓKNARI

RB/kb

Reykjavík, 2. febrúar 2007

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. þ.m., frumvarp til umferðarlaga, 388. mál, ökuskírteini, hert viðurlög.

Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir.

1. Samkvæmt 9. mgr. 1. gr. frv. er lagt til að ráðherra geti sett reglur um takmörkun á heimild byrjanda til að stjórna ökutæki, sem ökuskírteini þarf til að stjórna, á tilteknum tíma sólarhringsins, takmörkun á fjölda farþega yngri en 20 ára og um takmörkun á afli hreyfils ökutækis. Af hálfu ríkissaksóknara eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við þetta en þó skal bent á að verði ákvæðið að lögum getur eftirlit orðið flókið í framkvæmd.
2. Samkvæmt 4. gr. frv. er lagt til að við ákvörðun sektar vegna brots gegn 37. og 38. gr. skuli höfð hliðsjón af aukinni áhættu sem hraðabrotið hefur í för með sér. Er kveðið á um að í ákveðnum tilfellum skuli sektir ákveðnar „*hærri en ella*” eða „*mun hærri en ella*”. Gerð er athugasemd við tilvitnað orðalag sem þykir óskýrt en hvorki verður ráðið af frumvarpstextanum né greinargerðinni hversu mikil hækkunin á að vera. Þá þykir rétt að benda á að sektir vegna hraðakstursbrota hafa nýlega verið hækkaðar, sbr. reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim nr. 930/2006 frá 31. október 2006.
3. Samkvæmt 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að svipting ökuréttar skuli eigi ákvörðuð skemur en í sex mánuði þegar ekið er meira en tvöfalt hraðar en heimilt er. Samkvæmt núgildandi reglugerð nr. 930/2006 er kveðið á um sviptingu í mánuð þegar ekið er á meira en 61 km hraða á klst. þar sem hámarkshraði er 30 km/klst. og 3 mánaða sviptingu þegar ekið er á meira en 141 km/klst. þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. svo dæmi séu tekin. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir mjög mikilli herðingu viðurlaga við þessum brotum. Telja verður æskilegt að fram fari rækileg skoðun á því hvaða áhrif slík breyting muni hafa í för með sér.
4. Samkvæmt 7. gr. frv. er gerð ráð fyrir að heimilt eða skylt sé að gera vélknúð ökutæki upptækt í nánar tilgreindum tilfellum. Bent er á að nú þegar er að finna í 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 heimild til upptöku hluta sem notaðir hafa verið til að drýgja brot með. Þá er gerð athugasemd við að í ákveðnum tilfellum skuli vera skylt að gera ökutæki upptækt. Ekki er talið að 3. mgr. ákvæðisins veiti nægilegt svigrúm í þessu sambandi.

5. Í tilefni af því að í greinargerð með frumvarpinu er ítrekað vísað til dönsku umferðarlaganna þykir rétt að benda á að nauðsynlegt getur verið að horfa á löggjöfina og framkvæmd hennar í heild þegar verið er að leita fyrirmynda. Refsingar vegna umferðarlagabrotu eru mun þyngri í Danmörku en hér á landi. Má nefna sem dæmi að ökumaður í Danmörku sem keyrir ölvaður í fyrsta skipti og mælist með meira en 2‰ vínanda í blóði er gert að sæta varðhaldi í 14 daga auk þess sem hann er sviptur ökurétti en frelsissviptingu er ekki beitt hér á landi vegna sams konar brota.

Að lokum skal bent á að verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h.r.

Ragna Bjarnadóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík